

Skólaráðsfundur 31. maí 2012

Fundinn sátu: Eyyólfur Sturlaugsson skólastjóri, Elinborg Eggertsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Guðmundur Guðbjörnsson fulltrúi nemenda, Ingibjörg Jóhannsdóttir fulltrúi foreldra, Þórunn B. Einarsdóttir fulltrúi foreldra og Ingibjörg A. Björnsdóttir fulltrúi foreldra og bókaði hún fundinn.

1. Skóladagatal grunnskóla/tónlistarskóla

- Engar annir og ekki foreldradagar eða starfsdagar í tengslum við annir.
- Þemadagar + danskennsla + undirbúningur fyrir kaffihúsakvöld er allt á sama tíma í desember til að minnka röskun á skólastarfinu.
- Starfsmenn völdu að hafa ekki 4 og 4 starfsdaga í byrjun og lok skólaárs og eru þeir því 5 í byrjun og 3 í lokin.
- Könnun gerð á áhuga á vetrarfríi – lítil sem engin áhugi á slíku frá foreldrum.

Rætt var um hvernig skólaráði litist á að sleppa foreldrafundum og kom þá í ljós að netið væri mikið notað nú þegar en gott væri að styðjast við einn og sama netmiðlarann í stað margra (tölvupóst, Facebook eða Mentor).

2. Skóladagatal leikskóla

- Búið að festa niður “eldri borgara kaffi” - það gekk vel í fyrra og mikil ánægja með það.
- Bókasafnsdagur ekki kominn á hreint.
- Ábending skólaráðs. Við gerð næsta skóladagatala að hafa vorhátíð grunnskólans og sumarhátíð leiksólans saman og að mæting foreldra gæti verið seinnipart eða eftir hádegi.

3. Teikningar vegna endurbóta

Fyrst voru skoðaðar teikningar af endurhönnuðu leiksvæði við grunnskóla.

- Ánægja með hreystisvæðið (kennarar).
- Sveitarfélagið er með á áætlun að gera þessar breytingar sem fyrst.
- Skiptar skoðanir á hjólhýsastæðum. Spurning um að hafa þau hjá Dalabúð og nota áður útlýst svæði sem garð og opið svæði fyrir alla.

Næst voru skoðaðar teikningar af endurhannaðri smíðastofu.

- Skipt verður um gólfefni og loftræsting löguð.
- Ný sög bætist m.a. við tækjabúnaðinn. Öll tæki verða tengd neyðarrofa.
- Hugsanlega getur smíðakennsla riðlast vegna þessa næsta vetur.

Að lokum skoðaðar teikningar af Dalabúð (andyri og forstofa).

- Í teikningum er bætt aðgengi fatlaða með hjólastólabraut við inngang.
- Á efri hæð koma ný salerni og þar á meðal fyrir fatlaða.
- Skólaráð myndi vilja fjarlægja afgangslubás þar sem hann nýtist ekkert eða litið.

4. Fjölgun barna á leikskóla

- Byggðaráð bað skólastjóra um tillögur um breytingar til að fjölga börnum fyrir lok júní.
- Leggja þarf peninga í betrubætur á leikskólanum t.d. millilofti á gang, sem gæti rúmað hópastarf.
- Nauðsynlegt verður að byggja við leikskólann eða setja niður tilbúið hús (færanlegt) á lóðina, sem hægt væri að nota undir starfsseminu (hópastarf).

5. Staða í starfsmannamálum

- Margir einstaklingar sækja um stöður innan Auðarskóla og því verður vandi að raða þessu saman svo vel sé.

6. Önnur mál

- *Niðurstöður úr ytra mati.* Skólaráð þarf að setja sér starfsáætlun og meiri tengsl þurfa að vera milli skólaráðs og foreldra.
 - Rætt um hvernig skólaráð geti aukið samskipti sín og upplýsingaflæði til foreldra.
 - Fulltrúar foreldra í skólaráði þurfa að leita til foreldrasamfélagsins með hugmyndir.
- *Sérkennsluteymi.* Næsta skólaár er fyrirhugað að sameina sérkennslu í grunn- og leikskóla.